

Fundargerð 51. aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA). Haldinn á Breiðdalsvík, dagana 29. og 30. september 2017

Föstudagur 29. september 2017

Dagskrá fundarins lá frammi, þingskjal nr. 1.

1. Fundarsetning

Sigrún Blöndal, formaður SSA, setti aðalfundinn kl. 9:40 og bauð fundarmenn velkomna á 51. aðalfund sambandsins. Hún minntist á sviptingar í landsmálunum en framundan eru kosningar til Alþingis í annað sinn á 12 mánuðum. Hún fór yfir þann mikla fjölda verkefna og ábyrgð sem SSA er ætlað að sinna. Þar á meðal að berjast fyrir auknum jöfnuði, vinna að samstarfi, stuðla að víðtækri þekkingu, gera störf innan sveitarstjórna eftirsóknarverð og hafa forgöngu um byggðapróun svo eitthvað sé nefnt. Einnig minntist hún 50 ára afmælis sambandsins á síðasta ári. SSA hefur fylgt eftir samstarfi við Austurbrú undanfarin 5 ár og verið í sambandi við samtökin ungt Austurland. SSA starfar á vettvangi annarra landshlutasamtaka. Þar hefur mikið verið rætt um þörf þess að skilgreina grunnþjónustuna. Umræða um samstarf við Austurbrú hefur verið mikil síðustu mánuði og liggur tillaga þar um fyrir þinginu sem rædd verður í dag. Samtökin hafa barist fyrir sín svæði, atvinnuvegi og fólki þar og rætt mikilvægi þess við stjórnvöld. Framlög til samgöngumála hafa valdið vonbrigðum auk virðisaukaskatts á ferðaþjónustu. Formaðurinn lagði áherslu á að fundarmenn ættu það sameiginlegt að vilja sínum svæðum og fólki það besta. Að lokum sagði hún 51. aðalfund SSA settan.

Sigrún gerði að tillögu sinni að Björn Hafþór Guðmundsson og Sif Hauksdóttir yrðu fundarstjórar og Stefán Bragason og Jóney Jónsdóttir fundarritarar. Fundarmenn samþykktu það með lófataki. Starfsmenn fundarins tóku til starfa. Sif bauð fundarmenn velkomna til Breiðdalsvíkur og þakkaði fyrir hönd beggja fundarstjóra auðsýnt traust.

Skýrsla stjórnar liggur fyrir í starfi allsherjar- og samstarfsnefndar, þingskjal 3.

2. Kosningar

Sigrún Blöndal, formaður SSA bar upp tillögu um eftirtalda í kjörbréfanefnd: Anna Alexandersdóttir, Valdimar Hermannsson og Jón Þórðarson, þingskjal 2.

Sigrún Blöndal setti fram eftirfarandi tillögu að nefndanefnd: Jón Björn Hákonarson, Margrét Guðjónsdóttir, Árni Kristinsson, þingskjal 2. Álit hennar



liggur sömuleiðis fyrir í sama þingskjali. Einnig kemur fram í því tillaga um skipan kjörnefndar, en hún var svohljóðandi skv. tillögu formanns: Arnbjörg Sveinsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Ólafur Áki Ragnarsson.

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

3. Reikningar SSA

Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar, kynnti reikninga SSA fyrir árið 2016, endurskoðaða fjárhagsáætlun 2017, ásamt fjárhagsáætlun fyrir árið 2018.

Ársreikningur SSA 2016: Þingskjal nr. 4.

Greinargerð með ársreikningi 2016: Þingskjal nr. 5.

Fjárhagsáætlun 2018 og endurskoðuð fjárhagsáætlun 2017: Þingskjal nr. 6.

Ársreikningi, greinargerð og fjárhagsáætlunum var vísað til fjárhagsnefndar.

4. Tillögur frá stjórn og aðalfundarfulltrúum

Jón Björn Hákonarson lagði fram tillögur stjórnar að ályktunum fyrir byggða- og atvinnumálanefnd, þingskjal nr. 7. Vísað til byggða- og atvinnumálanefndar.

Stefán Grímur Rafnsson lagði fram tillögur stjórnar að ályktunum fyrir allsherjar- og samstarfsnefnd, þingskjal nr. 8. Vísað til allsherjar- og samstarfsnefndar.

Margrét Guðjónsdóttir lagði fram tillögur stjórnar að ályktunum fyrir mennta- og menningarmálanefnd, þingskjal nr. 9. Vísað til mennta- og menningarmálanefndar.

Andrés Skúlason lagði fram tillögur stjórnar að ályktunum fyrir umhverfis- og samgöngunefnd, þingskjal nr. 10. Vísað til umhverfis- og samgöngunefndar.

Jón Björn Hákonarson lagði fram tillögur að ályktunum frá sveitarfélögum á Austurlandi, þingskjal nr. 11-18. Vísað til nefnda sem fram koma í þingskjölunum.

5. Málstofur



Þegar hér var komið sögu skiptu fundarmenn sér í 2 málstofur. Í aðalfundarsal fór fram dagskrárliðurinn **Fjármálaáætlun til fimm ára - breytt verklag**. Benedikt Jóhannesson, fjármálaráðherra flutti erindi. Að því loknu ræddu fundarmenn málið. Hópstjóri var Jón Björn Hákonarson og ritari Sif Hauksdóttir.

Í Fúrusal á Hótel Bláfelli var málstofa, sem bar nafnið **Grunnþjónusta á landsbyggðinni** - hver er hún? Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar flutti erindi. Að því loknu ræddu fundarmenn málið. Hópstjóri var Sigrún Blöndal og ritari Stefán Grímur Rafnsson.

Að loknu hádegisverðarhléi mættu allir fundarmann aftur í aðalfundarsalinn í svonefndu Frystihúsi. Jón Björn Hákonarson kynnti niðurstöður málstofu um fjármálaáætlun til fimm ára þar sem hann var hópstjóri. Helstu áhyggjuefni sem komu fram er að ekki verði greiður aðgangur sveitarstjórnarmanna að samtali við þingmenn og ráðherraræði ríkjandi. Mikilvægt er að samtalsgrunnur verði til staðar og í formlegum farvegi. Fram kom að menn átta sig illa á því hvernig það samtal á að eiga sér stað eftir innleiðinguna og það verður að vera skýrt. Einnig er ótti gagnvart ráðherraræði sem menn kusu yfir sig með þessum lögum. Búa þarf til grundvöll fyrir fólk með alls konar menntun til að flytja heim í héruð. Samdráttur í fjárlögum gerir þann grundvöll ótraustan. Ekki er alltaf hægt að bregðast við eins og excel-skjöl segja til um, t.d. vegna náttúrulegra orsaka. Vilji er hjá fjármálaráðuneyti til að greiða og einfalda boðleiðir á milli sveitarfélaga og ráðuneytis. Sveitarfélögin gera kröfu um að svo verði.

Sigrún Blöndal kynnti niðurstöður úr síðarnefndu málstofunni um grunnþjónustu á landsbyggðinni. Þar hafði Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri Byggðastofnunar farið yfir þá þætti sem Byggðastofnun kortleggur nú. Reynt hefur verið að skilgreina almannþjónustu og eitt af því varðar vinnusóknarsvæði. Skoðað er hvert fólk sækir þjónustu. Unnið er í byggðaáætlun, drög liggja í ráðuneytinu. Heilbrigðisþjónustan, fjarskipti, samgöngur, menntun ofl. telst til grunnþjónustu. Sveitarstjórnarmenn telja sig upplifa að þeir rekist á veggi þegar komið er í ráðuneytið þar sem lítill skilningur er á samgöngum, vegalengdum og aðstæðum yfirleitt. Stýrinet stjórnarráðs sem í sitja fulltrúar ráðuneytanna verða að vera vel að sér um aðstæður heimamanna á hverjum stað varðandi samgöngur og annað sem tengist grunnþjónustunni. Skoða þarf hvernig gengur að skipuleggja kjarnastarfsemi á hverju svæði. Samtalið þarf að vera stöðugt og gangandi. Menn verða að spyrja sig hvaða grunnþjónusta þarf að vera til staðar á hverjum stað.



1966-2016

6. Niðurstöður úr kjörbréfanefnd.

Anna Alexandersdóttir kynnti niðurstöður kjörbréfanefndar, þingskjal nr. 2.

Fjarðabyggð 14 fulltrúar

Jón Björn Hákonarson

Pálína Margeirsdóttir

Svanhvít Yngvadóttir

Hulda Sigrún Guðmundsdóttir

Jens Garðar Helgason

Valdimar O. Hermannsson

Dýrunn Pála Skaftadóttir

Gunnar Jónsson (föstudag) og Ragnar Sigurðsson (laugardag)

Jón Kristinn Arngrímsson

Hildur Helga Þóroddsdóttir Seljan

Ævar Ármannsson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Einar Már Sigurðarson

Páll Björgvin Guðmundsson

Fljótsdalshérað 11 fulltrúar

Páll Sigvaldason

Aðalheiður Björt Unnarsdóttir

Adda Birna Hjálmarsdóttir

Sigrún Blöndal

Anna Alexandersdóttir

Guðmundur Sveinsson Kröyer

Björn Ingimarsson

Gunnar Jónsson

Esther Kjartansdóttir

Guðlaugur Sæbjörnsson

Árni Kristinsson

Seyðisfjörður 3 fulltrúar

Elfa Hlín Pétursdóttir

Arnbjörg Sveinsdóttir

Vilhjálmur Jónsson

Vopnafjörður 3 fulltrúar

Sigríður Elva Konráðsdóttir



1966-2016

Sigríður Bragadóttir
Ólafur Áki Ragnarsson

Djúpivogur 2 fulltrúar
Sóley Dögg Björgvinsdóttir
Rán Freysdóttir

Breiðdalsvík 1 fulltrúi
Gunnlaugur Stefánsson

Borgarfjörður eystri 1 fulltrúi
Jakob Sigurðsson

Fljótsdalshreppur 1 fulltrúi
Gunnþórunn Ingólfssdóttir

7. Ávörp gesta

Ásta Hlín Magnúsdóttir frá félaginu Ungt Austurland flutti erindi um sýn ungs Austfirðings. Hún kynnti samtökin, tilgang og starfsemi. Hún sagði að margt hefði verið gert t.d. í atvinnulífi en félagslegi þátturinn hefði gleymst, það sem gerist eftir vinnu. Samtökin héldu stóra ráðstefnu á Borgarfirði eystri um framtíðarsýn. Þar var samþykktur málefnapakki sem varðar framtíðarsýn ungs fólks í fjórðungnum. Hún sagði mikilvægt að tala um innviðina, eins og samgöngur, en það þyrfti líka að tala um það sem byggja ofan á það. Hún nefndi Reykjavíkurlugvöll, bíllausan lífsstíl og leigufélög án hagræðingarsjónarmiða sem áriðandi umræðuþætti. Mikilvægt sé að ræða um flug sem almenningssamgöngur, mikilvægi þeirra, og að landsbyggðarfólk þurfi að nota flug.

Jón Gunnarsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra ávarpaði samkomuna. Hann fór yfir fundi sem hann átti með sveitarstjórnarmönnum á landsbyggðinni á síðasta sumri og málefni sem þar voru rædd og væru áherslumál hvers byggðarlags. Nefndi hann fjarskiptamál, samgöngumál og dreifikerfi raforku. Hann sagði að markmiðið væri að öll heimili yrðu tengd háhraðaneti. Jón fór yfir verkefnið „Ísland ljóstengt“, sem hann taldi að gengi vel. Mikill árangur hefði náðst í samgöngum á fámennu landi og vilji væri fyrir því að hafa allt landið í byggð. Starfshópur um Seyðisfjarðargöng var settur á laggirnar. Ekki er ágreiningur um að það verði næsta stóra



jarðgangnaverkefni þó framkvæmdin sem slík verði umdeild. Mikilvægt er að rökstyðja vel þá leið sem farin verður og vegna þess hefur verið skipaður starfshópur sem mun skila niðurstöðu fljótlega. Vegurinn yfir Öxi er forgangsverkefni á svæðinu. Lega Þjóðvegur 1 verður færð af Breiðdalsheiði á Suðurfjarðaveg en það mun ekki hafa áhrif á vegaframkvæmdir yfir Öxi. Næst kom Jón að flutningskerfi raforku sem hann sagði brýnt verkefni og nefndi valkostina jarðstreng um Sprengisand, eða flutningslínur í byggð, sem hann taldi um 30 milljörðum króna dýrari kost. Jón fjallaði svo um sameiningu sveitarfélaga og fækkun þeirra til lengri tíma og sýndi hugmyndir ráðuneytisins um þær breytingar. Styrkja þarf sóknaráætlanir og verkefnið *Brothættar byggðir* heldur áfram. Unnið hefur verið að breytingum á sveitarstjórnarlögum og á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

8. Nefndanefnd kynnir röðun í nefndir

Jón Björn Hákonarson tilkynnti niðurstöður nefndanefndar um röðun í nefndir, þingskjal 19.

Byggða- og atvinnumálanefnd

Eydís Ásbjörnsdóttir, formaður
Guðmundur S. Kröyer
Aðalheiður Björt Unnarsdóttir
Sigríður Bragadóttir
Páll Björgvin Guðmundsson
Jens Garðar Helgason
Hulda Sigrún Guðmundsdóttir
Rán Freysdóttir

Mennta- og menningarmálanefnd

Björn Ingimarsson, formaður
Esther Kjartansdóttir
Elfa Hlín Pétursdóttir
Jón Þórðarson
Jón Kristinn Arngrímsson
Dýrunn Pála Skaftadóttir
Hjördís Seljan Þóroddsdóttir
Svanhvít Yngvadóttir

Umhverfis- og samgöngunefnd

Einar Már Sigurðarson, formaður



1966-2016

Gunnar Jónsson
Anna Alexandersdóttir
Páll Sigvaldason
Gunnlaugur Stefánsson
Andrés Skúlason
Jakob Sigurðsson
Vilhjálmur Jónsson
Sigríður Elva Konráðsdóttir
Pálína Margeirsdóttir
Ævar Ármannsson
Margrét Guðjónsdóttir

Allsherjar- og samstarfsnefnd

Gauti Jóhannesson, formaður
Árni Kristinsson
Adda Birna Hjálmarsdóttir
Arnbjörg Sveinsdóttir
Stefán Grímur Rafnsson
Sóley Dögg Birgisdóttir
Hákon Hansson
Gunnar Jónsson/Ragnar Sigurðsson
Valdimar O. Hermannsson

Auk þess starfar á aðalfundinum:

Fjárhagsnefnd

Gunnþórunn Ingólfisdóttir
Guðlaugur Sæbjörnsson
Ólafur Áki Ragnarsson

9. Fyrirspurnir til þingmanna NA-kjördæmis á aðalfundi SSA 29. september 2017

Björn Hafþór, fundarstjóri bar fram innsendar fyrirspurnir og stýrði umræðum. Hann minnti á að undirtitill dagskrárliðarins væri „Mildar hendur“. Með því heiti væri átt við að lögð væri áhersla á að innsendar fyrirspurnir væru málefnalegar. Svarendur voru minntir á að veita fremur knöpp, en að sama skapi upplýsandi svör og forðast að snúa þessum dagskrárlið upp í framboðsfund. Þeim bæri því að láta vera að hnýta í pólitíska andstæðinga sína fyrir skoðanir þeirra og eða áherslur annarra flokka í viðkomandi málaflokki.



Gert var ráð fyrir að 1 fulltrúi hvers flokks eða framboðs svaraði hverri fyrirspurn fyrir sig, þannig að ákv. hámarksfjöldi svarenda yrði við hverri spurningu. Innsendar spurningar voru 8, en vegna tímamarka urðu þær einungis 6.

Var nú „gengið til spurninga“:

1. spurning: Ég spyr þingmenn um sértækar aðgerðir vegna húsnæðisvanda á landsbyggðinni. Ljóst er að þær aðgerðir sem farið var í með nýjum lögum leysa ekki vanda þeirra fjölmörgu byggðarlaga þar sem mikill húsnæðisskortur er en byggingarkostnaður er hátt yfir markaðsvirði.

Kristján Þór Júlíusson sagði enga einfalda lausn á þessu. Þetta væri verkefni sem ræðst af stærstum hluta af því hvaða aðilar í samfélaginu eru tilbúnir að reiða fram fé með sveitarfélögum og ríki til að byggja húsnæði.

Steingrímur J. Sigfússon sagði að með þeim breytingum sem Alþingi setti um almennar íbúðir væri gefinn möguleiki á að einfalda þetta. 6% frá ríki og 4% frá sveitarfélagi var verðmætt skref. Opinber íbúðalánasjóður þyrfti að vera til, með heimildum til útlána og með dreifingu áhættu með lántakanda.

Þórunn Egilsdóttir tók undir að ýmislegt geti gagnast landsbyggðinni en að gera megji betur. Koma þarf upp sjóði til að létta undir. Horfa þarf líka til flutnings aðfanga.

Einar Brynjólfsson sagði ríkisvaldið ekki geta látið eins og því komi ekki við bággt ástand í húsnæðismálum í landinu. Hlutafélög eða leigufélög þyrfti að stofna til að bæta úr þessum brýna vanda.

Logi Einarsson sagði að skapa þurfi efnahagsumhverfi sem er hagstætt til byggingarframkvæmda, lækka vexti og búa til stöðugleika og lánaumhverfi sem aðstoðar húsbyggjendur. Byggja þurfi og styðja við leigumarkað sem ekki er hagnaðardrífinn á þeim svæðum sem aldrei mun borga sig að byggja á. Huga að lausnum með léttum byggingum sem hægt er að færa til.

Benedikt Jóhannesson sagðist ekki vilja sértækar aðgerðir heldur gera öllum auðveldara að byggja með því að lækka vexti. Vextir hér á landi eru mun hærri en í nágrennalöndunum. Einnig ætti að leyfa fólki að nota hluta af grunnlífeyrissjóði til kaupa á húsnæði, ekki eingöngu séreignasjóði.

2. spurning: Með hvaða hætti hafa þingmenn norðausturkjördæmis unnið að því að framkvæmdir við ofanflóðavarnir geti haldið áfram í samfellu við fyrri verkefni? Minnt er á að nægt fé er í ofanflóðasjóði til að halda mikilvægum verkefnum áfram í þágu öryggis íbúa á þeim svæðum sem ofanflóð geta fallið.



Pórunn Egilsdóttir sagði málið hafa verið rætt en ekki náðst í gegn. Benedikt Jóhannesson sagði ofanflóðasjóð ekki vera eiginlegan sjóð heldur nokkurs konar bókhaldslið. Nauðsynlegt væri að setja málið í forgang. Bjarkey Olsen sagði peninga vera merкта ofanflóðasjóði. Auka þyrfti fjárheimildirnar svo hægt væri að nýta peningana í þetta verkefni. Njáll Trausti sagði vanta fjárheimildir en því þurfi að breyta.

3. spurning: Hvernig sjá þingmenn fyrir sér að skipulagsmál haf- og strandsvæða verði leyst?

Logi Einarsson sagði bráðnauðsynlegt að sveitarfélög hafi aðgang að ákvörðunum sem geta kostað þau peninga og geta komið í veg fyrir uppbyggingu annarrar þjónustu. Ekki væri eðlilegt að eitt atriði spillti fyrir öðru.

Kristján Þór Júlíusson sagðist sjá þetta sem verkefni sem greiða þarf úr á vegum sveitarfélaga og ríkis. Aðkoma sveitarfélaga yrði með ólíkum hætti eftir aðstæðum. Grunnurinn verður að vera gerður á landsvísu.

Einar Brynjólfsson sagðist hafa talað fyrir því á Alþingi að ákvörðunarvald skuli vera fært eins og mögulegt er út til sveitarfélaga. Þau eiga ekki bara að fá verkefni heldur aukið skipulagsvald. Þetta á við um málefni haf- og strandsvæða.

Njáll Trausti Friðbertsson sagði að varast þurfi að ganga á almannahagsmuni. Huga þarf að öryggismálum, vegum, raforkuflutningum og annað í heild og því ætti ríkisvaldið að vera þar með skipulagsmálin á sínu valdi. Nefndi hann sérstaklega flugvelli í því samhengi.

4. spurning: Hvað ætla þingmenn norðausturkjördæmis að gera í þeim vanda sem búið er að koma bændum í ?

Stutt greinargerð:

Þetta var fyrst og fremst komið frá ákveðnum sláturleyfishöfum og svo versluninni, einnig að einhverju leyti bönkum. Kjötfjallið var aldrei neitt eins og fram hefur komið.

Benedikt Jóhannesson nefndi framkomnar tillögur sem miðuðu að samdrætti í framleiðslu. Hann sagði nýframlagða búvörusamninga framleiðsluhvetjandi burt séð frá því hvort eftirspurn væri eftir framleiðslunni. Reynt hefði verið að taka á vanda ungra bænda og vanda bænda í byggðum þar sem sauðfjárrækt er í lykilhlutverki. Bændasamtökin voru andvíg. Jafnvægi verður að vera á milli framboðs og eftirspurnar.



Steingrímur J. Sigfússon sagði brýnast að verja kjör sauðfjárbænda í fjárlögunum. 30-35% skerðing gæti ekki gengið ofan í 10% frá því í fyrra. Tímabundið þarf að bjóða upp á samninga sem gera skilyrði um að búa áfram en ekki öfugt eins og nú er hugmynd um. Kannski væri hægt að taka á þessu í gegnum svæðisstuðninginn en hann er ekki óumdeildur.

Valgerður Gunnarsdóttir sagði mikilvægt að bregðast hratt við. Þó landbúnaður væri ekki jafn stór og áður fyrr skipti miklu máli að við séum með landbúnað í landinu. Ekki gengi að búa bændum þau kjör að þeir lifi við fátækt.

Logi Einarsson sagði ekkert land í Evrópu vera með landbúnað sem ekki væri styrktur. Landbúnað þyrfti að styrkja verulega á Íslandi en jafnframt væri nauðsynlegt að draga úr framleiðslu, það þyrfti þó að gera á góðan hátt. Hann telur rétt að horfa til fjölskyldustyrkja og líta til Evrópusambandsins. Hann sagði að aldrei mætti taka til aðgerða sem bitna á neytendum. Landbúnaður á Íslandi þarf að koma sér inn í nútímann, horfa ætti á stórkostlegar framfarir í vinnslu sjávarafurða og læra af þeim.

5. spurning: Hver er hugur þingmanna norðausturkjördæmis gagnvart ríkisjörðum? Hvað vilja menn gera við þessar jarðir?

Þórunn Egilsdóttir sagði framsóknarmenn hafa kallað eftir áætlunum um hvernig nýta eigi jarðirnar. Ef talað er um nýtingu jarðar og byggð í sveitum verður ríkið að ganga fram í því og hafa skýrt hvernig ræktun skal vera og hvað á að framleiða.

Benedikt Jóhannesson sagði ótækt hvernig ríkið hefur þvælst fyrir í bújarðamálum. Fólk hefði ekki fengið úrlausn þó það vildi búa á ríkisjörðum. Hann sagðist hafa lagt áherslu á að hraða málum. Ljóst væri að ríkið ætti að eiga sumar jarðir, eins og Hóla, Skálholt eða hlunnindajarðir. Hluti af ríkisjörðum væru búvörujarðir sem einhverra huta vegna hefðu lent í höndum ríkisins en mætti selja og svo væri milliflokkur þar sem þarf að vega og meta. Ríkið þarf ekki að hanga á jörðum og ekki selja dýrt og gera fólki þannig kleift að byrja búskap.

Steingrímur J. Sigfússon sagðist þeirrar skoðunar að ríkið ætti ekki að selja jarðir. Mikil eftirspurn væri eftir jörðum frá þeim sem ekki ætla að nýta þær til búskapar. Ríkið ætti því frekar að kaupa jarðir og leigja til búskapar svo þær héldust í búskap. Hann sagði að meta þyrfti hvar byggð stendur svo tæpt að engan manninn má missa. Verjast þarf uppsöfnun og stórkaup á jörðum til þeirra sem ekki hugsa sér þær til búskapar. Alvarlegt umhugsunarefni er þegar kannski helmingur jarðnæðis er komið úr höndum þeirra sem búa í sveitinni.

Valgerður Gunnarsdóttir sagði að nýta ætti ríkisjarðir til búskapar og styðja við fólk sem vill hefja búskap. Hún var ekki sammála því að kaupa jarðir í stórum stíl.

6. spurning: Er einhver von til þess að þingmenn norðausturkjördæmis leggist á eitt um að fjármagn komi í vegabætur t.d. til Seyðisfjarðar og Borgarfjarðar eystri?

Valgerður Gunnarsdóttir sagði landsbyggðarfólk og þingmenn þekkja vegakerfið vel og vita því hversu mikilvægt sé að bæta það, það væri í raun óboðlegt. Samkeppni væri um fjármagnið. Fjöldi bifreiða í umferðinni hefði stóraukist undanfarið en ferðaþjónustan skilaði líka miklum gjaldeyristekjum og því yrði að taka stærri skref í vegamálum. Hún taldi rétt að íhuga vegagjöld.

Pórunn Egilsdóttir sagði ástand í vegamálum óboðlegt. Þingmenn kjördæmisins hefðu reynt að vinna saman og það þyrftu þeir að gera núna varðandi vegamál.

Einar Brynjólfsson sagði þingflokk Pírata hafa sent frá sér ályktun um að brýnt sé að auka fjármagn til vegamála.

Benedikt Jóhannesson sagði þingmenn kjördæmisins hafa unnið mjög vel saman við að berjast fyrir bættum vegasamgöngum í kjördæminu. Hann notaði tækifærið og hrósaði samgönguráðherra þar sem margt hefði lagast. Ekki væri hægt að gera allt í einu og það yrði að viðurkenna og velja þau verkefni sem brýnast væri að klára en ekki vinna mörg til hálf.

Ekki var tími fyrir frekari umræður og var liðurinn því tekinn af dagskrá

10. Umræður um samstarf SSA og Austurbrúar til framtíðar

Sigrún Blöndal kynnti tillögu, þingskjal nr. 27, varðandi stjórnunarfyrikomulag SSA og samstarf við Austurbrú sem stjórn var samþykkt að senda út til fundarins. Nefnd vann að skoðun á þessu samstarfi og í kjölfarið varð tillagan til. Hún hafði verið send fundarmönnum fyrir fundinn og er svohljóðandi: „Stjórn SSA samþykkti á fundi sínum á Vopnafirði 15. september síðastliðinn að leggja til við aðalfund að SSA ráði sérstakan framkvæmdastjóra sem sinni daglegum rekstri og umsýslu, vinni undir stjórn SSA og sinni hagsmunum sveitarfélaganna í þeim málum sem stjórn felur honum.

Framkvæmdastjórinn verði staðsettur á starfstöð Austurbrúar og áfram verði samið við Austurbrú um umsýslu með bókhaldi, skrifstofuþjónustu og um framkvæmd þeirra verkefna sem m.a. koma í gegnum Sóknaráætlun þannig að breytingar á annarri umsýslu er ekki áætluð og tenging SSA og Austurbrúar áfram sterk.“

Fundarmönnum var gefinn kostur á að ræða tillöguna áður en hún færi til allsherjar- og samstarfsnefndar.

Anna Alexandersdóttir rakti aðdraganda að stofnun Austurbrúar í maí 2012 og samstarf SSA og Austurbrúar. Aðalfundur 2008 samþykkti stofnun Austurbrúar. Verkefni tengdust og litlar stofnanir eru alltaf viðkvæmar. Hún sagði Austurbrú vera

bara 5 ára og hvatti til að menn hefðu úthald og festu breytingar í sessi. Hún lagði til að sett verði sameiginleg stjórn yfir SSA og Austurbrú.

Andrés Skúlason taldi ágætt að líta í baksýnispegilinn því sú Austurbrú sem er til í dag væri ekki sú Austurbrú sem lagt var upp með. Þá var lykilatriði að atvinnulífið væri með. Hann taldi það ekki með nema í baktjaldamakki. Í því samhengi mætti nefna háskólasetur Austfjarða. Enginn ætti meira undir en SSA að Austurbrú vegni vel. Ekki væri verið að tala um aðskilnað og enginn stæði eins vel við bakið á Austurbrú og SSA. Engu að síður taldi hann SSA bera meginábyrgð því þar væri stjórnarsýslan, en Austurbrú væri hins vegar framkvæmdaaðili.

Valdimar O. Hermannsson sagði að starfsháttanefnd Austurbrúar hefði komið saman 20. september og farið yfir það sem komið var fram. Hann taldi ekki fara vel á því að hafa tvo framkvæmdastjóra í sömu stofnun. Hugsanlega væri hægt að hafa formannsstöðu SSA 50% starf og það inni í hluta af því framkvæmdastjórastarfi sem tillagan gerir ráð fyrir. Hann varaði við því að tillagan yrði samþykkt.

Ólafur Áki Ragnarsson taldi ekki jákvætt að hafa tvo framkvæmdastjóra. Hlúa þyrfti að stofnuninni og taka þau verkefni sem ríkið býður. Byggja þyrfti upp faglega þekkingu innan fjórðungsins. Sveitarstjórnarfélagið þyrfti bakland eins og Austurbrú væri. Hann taldi algjörlega óþarft að hafa framkvæmdastjóra fyrir 8 sveitarfélög. Frekar ætti að reyna að einfalda kerfið og ná árangri.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir sagði að skoðaðir hefðu verið fleiri kostir en stjórn leggur hér fram sem tillögu. Rætt var um að halda óbreyttu ástandi, snúa aftur í þetta gamla far sem er tillaga stjórnar, eða að formaður SSA yrði í fullu starfi sem framkvæmdastjóri. Þessir kostir voru kynntir til sveitarfélaganna til umhugsunar. Hún taldi betra að gera núverandi fyrirkomulag skýrara en alls ekki að hverfa frá því.

Jens Garðar Helgason sagði Austurbrú nú vera orðna öflugra og þá Austurbrú sem vænst var til. Stofnunin sé leiðandi sem sameiginlegt afl sem er fyrirmynd annarra landshluta. Nauðsynlegt væri að styðja við hana og hlúa að henni. Það yrði skref aftur á bak að hverfa aftur til þeirra tíma að hafa sérstakan framkvæmdastjóra SSA. 8 sveitarfélög þurfa ekki slíkan aðila. Mögulega væri gott að hafa sameiginlega stjórn SSA og Austurbrúar.

Einar Már Sigurðarson sagði stofnunina svo mikilvæga að varhugavert væri að skipta forsvarsmönnum okkar í tvo hópa. Allsherjarnefnd mun skoða þann kost hvort vera ætti sami formaður í stjórn SSA og stjórn Austurbrúar. Einnig þarf að tryggja að framkvæmdaráð SSA verði í stjórn Austurbrúar. Fulltrúar atvinnulífsins ættu einnig að vera í stjórn Austurbrúar. Hann hvatti allsherjarnefnd til að ná sameiginlegri niðurstöðu.

Anna Alexandersdóttir lagði áherslu á að hún sæti þingið sem fulltrúi sveitarstjórnar Fljótsdalshéraðs en ekki sem starfsmaður Austurbrúar. Hún hvatti fulltrúana til að taka ekki ákvörðun hér í flýti heldur vinna hana án tímabressu.



Gunnar Jónsson Fljótsdalshéraði taldi augljóst að þegar stjórn SSA legði fram slíka tillögu væri tilefni til þess. Komið hefði skýrt fram að SSA hefði staðið vörð um Austurbrú og ætti mikið undir stofnuninni. Tillagan væri lögð fram til að skerpa skil en ekki af illkvittni. Pólitískir fulltrúar fara með vald sem íbúar fela þeim. Austurbrú, sem SSA á mikið undir og vill efla, er verkefnastofa fyrir sveitarfélögin en á ekki að vinna á pólitískum vettvangi. Um það snerist vandinn.

Andrés Skúlason vildi skerpa á því sem Gunnar kom inn á, að Austurbrú ætti að vinna með sveitarstjórnarstiginu og að þeim verkefnum sem SSA felur stofnuninni en ekki á hinum landspólitíska vettvangi.

Valdimar O. Hermannsson sagði að ef málið snerist um pólitík ætti SSA að sjá um hana en Austurbrú um störf. Ef menn væru ósáttir við framkvæmdastjóra þyrfti að gefa viðkomandi tiltal um að skerpa á því en ekki veikja stofnunina og gera grundvallarbreytingar á henni.

Sigrún Blöndal sagði tillöguna snúast um að skýra verði línur, ljóst yrði að vera innan hvaða ramma hver vinnur. Hvernig sem það verði gert sé það nauðsynlegt. Austurbrú væri enn þá í þróun. Sagði hún önnur landshlutasamtök hafa fylgst með starfi Austurbrúar en ekki valið að fara þessa leið. Ef eitthvert fyrirkomulag virkaði ekki þurfi að breyta því. Hún óskaði nefndarmönnum velfarnaðar í störfum sínum.

11. Umræður um samstarf sveitarfélaga á Austurlandi

Sigrún Blöndal kynnti dagskrárliðinn og sagði hann fram kominn að ósk bæjarfulltrúa á Fljótsdalshéraði. Þarft sé að ræða samstarf sveitarfélaganna. Spyrja megi hvernig sveitarstjórnarmenn sjái fyrir sér samfélagið á næstu árum. Velti hún fyrir sér, hvernig takast muni að halda 10.500 manns í fjórðungnum og lýsti þeirri skoðun sinni að ef ekkert verður gert og sveitarfélögin styrkja sig ekki inn á viðsér full ástæða til að hafa áhyggjur af þróun mála. Þess vegna verði menn að velta fyrir sér hvernig menn geti styrkt samstarfið.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður.

Anna Alexandersdóttir skýrði tilurð dagskrárliðarins. Vinna að háskólasetri í Fjarðabyggð hefði átt að fara fram á vettvangi SSA, því allir þurfi að vera saman og vinna sameiginlega að málefnum fjórðungsins. Austurbrú væri kjörinn vettvangur fyrir störf háskólaseturs.

Páll Björgvin Guðmundsson sagði í mörg ár hafa verið rætt um að efla menntun í tækni- og verkgreinum á háskólastigi innan fjórðungsins. Farið var af stað til að afla fjár í verkefnið. Einhvers staðar þurfti að byrja og alltaf hafi staðið til að þetta væri fyrir allt Austurland. Allir ættu að fagna framtaki eins og háskólasetri líkt og bæjarráð Fljótsdalshéraðs gerði. Mjög líklega yrði hægt að nýta dreifikerfi Austurbrúar til að klára verkið.



Andrés Skúlason gagnrýndi kynningu á vinnu að háskólasetrinu en harðneitar að hafa talað það niður. Hann spurði, hvar gegnsæið, virðing fyrir stjórnslunni og samvinnan hafi verið. Hann lagði áherslu á að fulltrúar sveitarfélaganna stæðu við það að tala einum rómi um ákveðin mál eins og samþykki er fyrir. Sameiginlegur vettvangur ætti ekki að vera á þessum grunni. Hann hvatti menn til að reyna að sjá fyrir sér samstarfið og vettvanginn hér eystra ef sveitarfélög kæmu svona fram.

Jens Garðar Helgason lagði til að því væri fagnað þegar sveitarfélög næðu árangri og kæmu góðum hugmyndum á koppinn, sama hvar væri. Hann sagði frumkvæði sveitarstjórna vera til hagsbóta fyrir öll sveitarfélögin. Þegar upp væri staðið muni háskólasetrið styrkja allt Austurland.

Elfa Hlín Pétursdóttir sagði hrepparíginn fá að ráða of miklu. Hagsmunir Austurlands væru ekki í fyrirrúmi þegar hrepparígurinn réði. Vantraust, ólga og annað gjósi upp. Hún spurði hvort samþykktir SSA þýddu eitthvað fyrir þá sem samþykkja og hvort ætlunin væri að standa við þær samþykktir alltaf eða bara þegar það hentar.

Gunnar Jónsson Fljótshéraði sagði háskólasetur og starfshóp um Fjarðarheiðargöng hafa valdið titringi meðal sveitarfélaganna. Í því samhengi væri rétt að tala um traust og trúnað. Nauðsynlegt væri að losa sig við undirferli og koma hreint fram. Allir kjörnir fulltrúar væru að slást við þingmenn og ráðherra og reyna að ná eyrum þeirra. Mikilvægt væri að standa saman, koma fram sem ein heild og vera þannig sterkari. Hann minnti fundarmenn á að bera virðingu hvert fyrir öðru í störfum sínum sem fulltrúar sveitarfélaga og standa einhuga á bak við ályktanir SSA. Sagði hann þingmenn hafa skotið sér á bak við það að ekki sé einhugur meðal Austfirðinga. Þetta taldi hann standa mönnum fyrir þrifum og að við hefðum orðið út undan vegna þess. Valdimar Hermannsson tók undir að forðast þurfi hrepparíginn sem alltof stutt væri í en samt hafi mikið áunnist. Augljóst væri að samstarf gerði menn öflugri. Hann tók samt fram, að þegar unnið væri með atvinnulífinu og styrktaraðilum þurfi oft að vinna fyrir luktum dyrum.

Páll Björgvin Guðmundsson tók undir að allar ályktanir væru mikilvægar. Hann vildi að þingið sameinaðist um ákveðin atriði sem sveitarfélögin ynnu svo að og berðust fyrir. Hann benti á að taka eigi vel í það sem gæti gefið af sér fyrir ákveðin sveitarfélög og þar með öll sveitarfélög Austurlands.

Fundarstjóri þakkaði góða umræðu og kallaði fulltrúa til nefndarstarfa en frestaði eftir það fundi til kl. 09:00 næsta dag.



Fundi var framhaldið kl. 09:20 laugardaginn 30. september.

12. Afgreiðsla mála

Skýrsla stjórnar, þingskjal nr. 3, fór fyrir allsherjar- og samstarfsnefnd. Boðið var upp á umræður um hana. Enginn kvaddi sér hljóðs og skýrslan því lögð fram athugasemdalaust.

12.1 Fjárhagsnefnd

Gunnþórunn Ingólfssdóttir kynnti tillögur og álit fjárhagsnefndar, þingskjal nr. 20.

Í fjárhagsnefnd sátu Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Guðlaugur Sæbjörnsson og Ólafur Áki Ragnarsson. Á fund nefndarinnar komu Sigrún Blöndal formaður SSA og Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri Austurbrúar.

Til nefndarinnar var vísað ársreikningi SSA fyrir árið 2016, endurskoðaðri fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2017, fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2018, tillögu að árgjöldum aðildarsveitarfélaga SSA árið 2018 og tillögu að framlagi sveitarfélaga í Atvinnuþróunarsjóð árið 2018. Auk þess fjallaði nefndin um framlag til Ljósmyndasafns Austurlands.

Ársreikningur 2016

Nefndin fór yfir undirritaðan ársreikning SSA fyrir árið 2016 ásamt könnunarskýrslu endurskoðanda og álit kjörinna skoðunarmanna. Rekstrarafkoma ársins var jákvæð sem nemur 6,2 millj. kr., en hafði verið áætluð neikvæð um 5,5 millj.kr. Helsta skýring á mismuninum er tekjur vegna almenningsamgangna. Heildartekjur námu 266,1 millj. kr., rekstrargjöld voru 255,5 millj. kr., fjármagnsliðir eru jákvæðir um 1,9 millj. kr., hækkun lífeyrisskuldbindinga er 6,3 millj. kr., sem færist til gjalda. Hækkun á handbæru fé nam 14,1 millj. kr. og er handbært fé í árslok 95,9 millj. kr. Eigið fé í árslok 2016 er jákvætt 4,5 millj. kr. og er bati frá árinu á undan, sem nemur jákvæðri afkomu ársins 2016.

Í álitinu endurskoðanda er vakin athygli á óvissu um niðurstöðu í dómsmáli vegna almenningsamgangna. Í skýringu 6 í ársreikningi er gerð grein fyrir því máli og í ársreikningnum er fært til eignar tryggingarfé að fjárhæð 7 millj. kr. sem SSA hefur reitt fram. Í álitinu skoðunarmanna er einnig minnst á þetta mál og tekið undir ábendingu endurskoðanda. Þá minnst skoðunarmenn á að til eru tveir samningar um þjónustu Austurbrúar við SSA, sem unnið er eftir, það sé óskilvirkt og erfitt að staðreyna hvort greiðslur séu samkvæmt samningum. Þar sem rekstrareiningarnar tvær eru svo nátengdar, rekstrarlega séð, þurfi samningar að vera skýrir þannig að enginn vafi leiki á fjárhagslegum skuldbindingum þeirra.

Fjárhagsnefnd leggur til að ársreikningur SSA fyrir árið 2016 verði samþykktur.



Árgjöld aðildarsveitarfélaga SSA 2018

Fjárhagsnefnd fór yfir tillögu stjórnar að árgjöldum. Skipting árgjalda milli sveitarfélaga tekur mið af skatttekjum sveitarfélaga, ásamt tekjum frá jöfnunarsjóði árið 2016.

Afstaða fjárhagsnefndar til beiðni Héraðsskjalasafns Austfirðinga, um að framlög yrðu hækkuð til Ljósmyndasafns Austurlands var jákvæð og afgreidd af nefndinni með þeim hætti að af kr. 872.789,- heildarframlagi SSA til Ljósmyndasafnsins árið 2018, var u.þ.b. helmingur færður beint til hækkunar á árgjöldum sveitarfélaganna. Nefndin telur annað rúmast innan tillögu að fjárhagsáætlun SSA 2018. Framvegis verði gert ráð fyrir fullu framlagi til Ljósmyndasafnsins í fjárhagsáætlun og koma þau þá ekki með beinum hætti til hækkunar á árgjöldum. Eftir þá breytingu sem fjárhagsnefnd gerði á tillögu að árgjöldum aðildarsveitarfélaga árið 2018 nema þau kr. 13.376.463,- sem er 13,2% hækkun frá fyrra ári.

Fjárhagsnefnd leggur til að tillaga að árgjöldum ársins 2018 verði samþykkt svo breytt.

Fjárhagsnefnd fór yfir launamál stjórnar SSA og nefnda

Laun taka mið af þingfararkaupi.

Stjórnarmaður hefur 4,5% af þingfararkaupi, mánaðarlaun formanns eru 9% af þingfararkaupi, fyrir setu í framkvæmdaráði sama og stjórnarmaður. Samgöngunefnd er eina launaða nefnd SSA og er kveðið á um að fyrir setu í samgöngunefnd verði greitt 1,5% af þingfararkaupi.

Fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2018

Samkvæmt fjárhagsáætlun, með hækkun á árgjöldum sveitarfélaga, verða heildartekjur 275,5 millj. kr., þar af nema áætluð framlög frá ríki og jöfnunarsjóði um kr. 172 millj. Launakostnaður er áætlaður 21,7 millj. kr., annar stjórnunarkostnaður 8,4 millj. kr. og funda- og ferðakostnaður 9,3 millj. kr. Kostnaður vegna sérverkefna kr. 236,1 millj. Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga 6,4 millj. Áætluð afkoma er neikvæð sem nemur kr. 5,7 millj.

Fjárhagsnefnd leggur til að fjárhagsáætlun 2018 verði samþykkt.

Tillaga að framlögum aðildarsveitarfélaga SSA til Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands árið 2018.

Framlag til Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands verði kr. 1.787- per íbúa árið 2018.

Fjárhagsnefnd leggur til að tillaga að framlögum til Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands fyrir árið 2018 verði samþykkt.

Ábendingar fjárhagsnefndar er varða fjárhag SSA.

Lesi má út úr ársreikningi SSA að reglubundinn rekstur standi ekki undir sér, því er aðhalds þörf, sem og að sérverkefni greiði inn í reksturinn eins og eðlilegt er með tilliti til þess tíma og umsvifa sem þau hvert og eitt fela í sér. Laun stjórnar og nefnda hækka töluvert í kjölfar hækkunar á þingfararkaupi 2016. Þau áhrif eru ekki að fullu komin fram í fjárhag SSA. Fjárhagsnefnd telur að æskilegt væri að setja niður



1966-2016

fundaplan stjórnar og samgöngunefndar fyrir komandi ár og þegar niðurstaða verður fengin varðandi starfsmannamál SSA, verði skoðað hvernig það fari saman við fjárhagsáætlun.

Fjárhagsnefnd telur mikilvægt að um þjónustu Austurbrúar við SSA verði gerður einn samningur sem leysi af hólmi þá tvo sem nú er unnið eftir.

Í skoðun eru lífeyrisskuldbindingar Skipulagsstofu Austurlands. Sú skoðun snýr þó aðeins að lífeyrisgreiðslum eins starfsmanns á ákveðnu tímabili og ekki liggur fyrir hvar þær skuldbindingar falla.

Í gögnum til nefndar voru ársreikningur Atvinnuþróunarsjóðs fyrir árið 2016 og ársreikningur Minningarsjóðs Ragnhildar og Stefáns Péturssonar. Þau gögn er hægt að kynna sér á heimasíðu SSA.

Fundarstjóri opnar fyrir umræðu.

Páll Björgvin Guðmundsson spurði um 13,2% hækkun á tekjum og hver rök séu fyrir henni og neikvæðri afkomu um 5,7 milljónir. Einnig vildi hann fara yfir það samkomulag sem er um atvinnuþróunarsjóð, og hver staðan er á honum.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir sagði greinilega þörf hafa verið fyrir hækkuninni. Framlag atvinnuþróunarsjóðs byggist á samkomulagi frá 2013.

Jóna Árný Þórðardóttir sagði að árið 2015 hefði verið samþykkt samkomulag um atvinnuþróunarsjóð, helmingur framlagsins færi til flugvallarverkefnisins og hinn helmingurinn til móts við afborganir af láni.

Fundarstjóri bar upp tillögu fjárhagsnefndar um að ársreikningur 2016 verði samþykktur. Hann var samþykktur samhljóða. Næst bar hann upp tillögu um árgjöld sem skýrð er í tillögunni. Hún var samþykkt samhljóða. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2017 var borin upp og samþykkt samhljóða. Fjárhagsáætlun 2018 var borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga að framlagi í atvinnuþróunarsjóð var borin upp og samþykkt samhljóða.

12.2 Tillögur byggða- og atvinnumálanefndar 2017

Næst kynnti Eydís Ásbjörnsdóttir álit byggða- og atvinnumálanefndar, þingskjal 21.

Samningur um sóknaráætlun

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 ítrekar fyrri ályktanir um nauðsyn þess að ríkisvaldið leggi umtalsvert meira fé til samningsins frá öllum ráðuneytum sem koma að sóknaráætlun. Það er forsenda þess að markmið samningsins náist. Veruleg ástæða er til að hafa áhyggjur af afdrifum mennta- og menningarmála og því mikla faglega starfi sem unnið hefur verið í þessum málaflokki ef ekki verður bætt úr. Einnig er brýnt að hið opinbera mæti þeim umsýslukostnaði sem leiðir af kröfum ríkisins til landshlutanna.

Flutningskerfi raforku

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 krefst þess að Landsnet og Rarik styrki flutningskerfi raforku. Undanfarin ár hefur óstöðugleiki og



skortur á orku háð atvinnuuppbyggingu og starfsemi fyrirtækja sem reiða sig á raforku á Austurlandi. Mikilvægur þáttur í atvinnuuppbyggingu hinna dreifðu byggða er aðgangur að þriggja fasa rafmagni.

Staða landbúnaðar á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 lýsir þungum áhyggjum af ítrekaðri lækkun afurðaverðs til sauðfjárbænda sem leitt getur til búseturöskunar og jafnvel eyðingu byggðar á einhverjum svæðum. Vandséð er að önnur starfsemi taki við því mikilvæga hlutverki sem sauðfjárrækt gegnir við að tryggja búsetu í dreifbýli. Fundurinn skorar á stjórnvöld, afurðastöðvar, verslunina og aðra hagsmunaaðila að koma af ábyrgð að mótun framtíðarsýnar fyrir íslenskan landbúnað svo áfram verði blómleg byggð í sveitum landsins.

Sjávarútvegur

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 telur mikilvægt að stjórnvöld tryggi að sjávarútvegur, einn undirstöðuatvinnuvega Austurlands, búi við stöðugleika og skýra framtíðarsýn, landinu öllu til heilla. Þá er mikilvægt að gjaldtaka í sjávarútvegi sé með þeim hætti að hún komi ekki niður á minni útgerðum í þeim byggðarlögum sem eiga undir högg að sækja.

Sjókvíaeldi

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 bendir á að fiskeldi getur orðið ein af burðarstöðum atvinnulífs á Austfjörðum, ekki síst í þeim byggðarkjörnum sem hafa átt undir högg að sækja. Fundurinn beinir því til hins opinbera að nauðsynlegt er að efla rannsóknir og eftirlit til að koma í veg fyrir að óafturkræfur skaði verði á lífríki sjávar og vatna.

Ferðapjónusta

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 hvetur stjórnvöld til að skýra línur um hvaða verkefni eru á ábyrgð ríkis og hver á ábyrgð sveitarfélaga. Ríkið þarf að tryggja sveitarfélögum fjármagn sem nauðsynlegt er til að sinna þeim verkefnum sem þeim er falið, t.a.m. markaðssetningu landshlutans, upplýsingaveitu fyrir ferðamenn og uppbyggingu innviða. Þá minnir fundurinn á mikilvægi þess að framfylgja stefnu stjórnvalda um dreifingu ferðamanna og opnun annarra fluggátta inn í landið.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um tillögur byggða- og atvinnumálanefndar en enginn kvaddi sér hljóðs. Hann bar tillögurnar upp til samþykktar. Þær voru samþykktar samhljóða.



1966-2016

12.3 Tillögur til allsherjar- og samstarfsnefndar

Næst kynnti Gauti Jóhannesson álit allsherjar- og samstarfsnefndar, þingskj. 22.

Stjórn hreindýraveiða

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 leggur áherslu á mikilvægi rannsókna á hreindýrastofninum á vegum Náttúrustofu Austurlands til að tryggja traustan grunn að stjórn hreindýraveiða. Hreindýr eru auðlind sem fyrirfinnst aðeins á Austurlandi og því telur fundurinn eðlilegt að umsýsla og stjórnun sé staðsett í landshlutanum. Fundurinn skorar á fjárveitingavaldið að hverfa frá fyrirhuguðum samdrætti í grunnfjárveitingum til náttúrustofa sem birtist í fjárlagafrumvarpi ársins 2018.

Málefni aldraðra

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 skorar á ráðherra velferðarmála að vinna náið með sveitarfélögum að skipulagi þjónustu við aldraða. Málefni aldraðra verða sífellt umfangsmeiri, öldruðum fer fjölgandi og er umsjón þess málaflokks að mörgu leyti best komin í höndum sveitarfélaganna, að því gefnu að honum fylgi nægt fé. Hér er um mikilvæga nærþjónustu að ræða, mikil skörun er í núverandi þjónustu og mikilvægt að samfella sé í henni á vegum ríkis og sveitarfélaga. Grundvallaratriði er að ábyrgð hlutaðeigandi sé skýr, nægt fjármagn fylgi verkefninu og kröfur um þjónustu séu kostnaðarmetnar fyrirfram.

Jafnframt skorar fundurinn á stjórnvöld og Samband íslenskra sveitarfélaga að vinna að eflingu þjónustu sem veitt er í heimahúsum með samhæfingu félagsþjónustu og heimahjúkrunar auk dagþjónustu og að fjármagn verði tryggt til verkefnisins.

Aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 skorar á heilbrigðisyfirvöld að axla ábyrgð í geðheilbrigðismálum, þau setji sér enn skýrari stefnu og tryggi gott aðgengi að úrræðum sem er réttur íbúa hinna dreifðu byggða og á ábyrgð hins opinbera. Brýnt er að bæta aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu en hvorki er til staðar göngudeild geðdeildar né eru fastir starfandi geðlæknar á Austurlandi. Á þetta jafnt við í málefnum barna og fullorðinna.

Verkaskipting heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og eftirlitsstofnana á vegum ríkisins

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 skorar á ríkisvaldið að marka þá stefnu að Umhverfisstofnun og Matvælastofnun verði breytt í stjórnarsýslustofnanir og dregið úr eftirlitshlutverki þeirra. Heilbrigðiseftirliti verði falið sem mest af eftirlitsverkefnum á grunni reglugerða og leiðbeininga. Heilbrigðisfulltrúar eru sérfræðingar í eftirliti og geta sinnt eftirlitsverkefnum í nærumhverfi sínu á hagkvæman hátt. Stjórnvöld þurfa að nýta betur mannauð og aðstöðu sem er til staðar í landshlutanum í stað þess að senda starfsmenn landshorna á milli með ærnum tilkostnaði frá miðlægum stofnunum. SSA mótmælir harðlega þessari meðferð fjármuna.



1966-2016

Efling heilbrigðisþjónustu

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 skorar á yfirvöld velferðar- og fjármála, Alþingi og ríkisstjórn Íslands að efla þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt í landshlutanum og að bætt verði úr þar sem þjónusta er ekki viðunandi. Að þessu verður ríkisvaldið að koma með kröftugum hætti og styrkja og efla Umdæmissjúkrahús Austurlands, heilsugæsluna í landshlutanum og aðrar sjúkrafstofnanir. Heilbrigðisþjónusta í nærumhverfi er einn mikilvægasti grunnþáttur í þjónustu við íbúa, ekki síst á jaðarsvæðum, þar sem samgöngur eru erfiðar og því verða stjórnvöld að taka tillit til þeirra staðhátta sem einkenna Austurland þegar framlög til heilbrigðismála eru ákveðin. Fundurinn varar sérstaklega við því að skert verði sú bráða-, sérfræði- og fæðingarþjónusta, sem nú er veitt á Umdæmissjúkrahúsi Austurlands enda er það eina sjúkrahúsið frá Akureyri að Selfossi sem veitir sólarhrings bráðaþjónustu og fæðingarþjónustu allan ársins hring. Fjölbreytt starfsemi sjúkrahússins þjónar allt að 12 þúsund íbúum á 16.000 ferkílómetra landsvæði, auk mikils fjölda innlendra og erlendra ferðamanna sem heimsækja Austurland á ári hverju. Þá hefur verið sýnt fram á að flutningur heilbrigðisþjónustu úr landshlutanum eykur kostnað allra skattgreiðenda. Þá ítrekar fundurinn fyrri kröfur um að hluti þyrulusveitar Landhelgisgæslunnar verði staðsettur á Egilsstaðaflugvelli, til að tryggja öryggi íbúa landshlutans.

Lögreglustjóraembættið á Austurlandi og embætti Sýslumannsins á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 skorar á stjórnvöld að standa við fyrirheit um að efla hin nýju sýslumanns- og lögreglustjóraembætti með flutningi verkefna og tryggja þeim fjármagn til að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Þar má nefna t.d. hálendisgæslu í þessum víðfeðma landshluta, þar sem umferð vex jafnt og þétt, sem og þjónustu embættanna t.d. varðandi opnunartíma og rekstur útibúa. Fundurinn skorar á stjórnvöld að bæta úr þessu hið fyrsta.

Aðstaða lögreglunnar á Seyðisfirði

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 skorar á dómsmálaráðherra að sjá til þess að farið verði í byggingu lögreglustöðvar á Seyðisfirði og að þangað verði ráðnir lögreglumenn. Fundurinn minnir á að á Seyðisfirði er landamærastöð.

Tekjustofnar sveitarfélaga

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 telur mikilvægt að renna styrkari stoðum undir tekjustofna sveitarfélaga. Útgjöld þeirra hafa vaxið og verkefnum fjölgað, en tekjur ekki fylgt þeirri þróun. Mikilvægt er að sveitarfélög fái aukna hlutdeild í heildarskatttekjum samfélagsins. Því beinir fundurinn því til stjórnvalda og Sambands íslenskra sveitarfélaga að flýta vinnu við að styrkja almennan tekjugrundvöll sveitarfélaga svo þau geti sinnt lögbundnu þjónustuhlutverki sínu. Þá njóti sveitarfélög tekna af nýtingu náttúruauðlinda, meðal annars með hlutdeild í veiðigjöldum og skatttekjum af orkuframleiðslu og dreifingu raforku.



1966-2016

Stjórnsýsluleg staða landshlutasamtaka sveitarfélaga

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 ítrekar þá afstöðu sína að stjórnsýsluleg staða landshlutasamtaka sveitarfélaga verði skýrð með afgerandi hætti. Ljóst er að auknum verkefnum, sem landshlutasamtökunum hefur verið falið að sinna, fylgir mikil ábyrgð og því er nauðsynlegt að þessi staða sé skýr.

Byggðatenging skattkerfisins

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 hvetur ríkisvaldið til að hefja vinnu við að aðlaga skattkerfið með byggðaþróun í huga. Horft verði til sambærilegs fyrirkomulags erlendis t.d. í Noregi þar sem tekið er tillit til fjarlægða og þjónustustigs byggðanna.

Málefni einstaklinga með heilabilun.

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 skorar á stjórnvöld og Samband íslenskra sveitarfélaga að vanda vel til verka við gerð heildstæðrar stefnu í málefnum einstaklinga með heilabilun. Þjónusta í héraði er mikilvæg því mikið álag getur verið á einstakling með heilabilun að þurfa að sækja greiningu og ráðgjöf um langan veg.

Heilbrigðis- og velferðarþjónusta innan fjórðungs, samþætting og samvinna ríkis og sveitarfélaga.

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 beinir því til stjórnar að hún fjalli um hvaða leiðir minni sveitarfélög hafa til að samræma störf eða til að uppfylla kröfur sem gerðar eru til þeirra um þjónstu til einstaklinga með ýmis konar skerðingar og þörf fyrir aukna heimaþjónustu. Efla þarf verulega þjónustu sem veitt er í heimahúsum með aukinni þjónustu félagsþjónustunnar sem og heimahjúkrunar auk dagþjónustu. Ræða þarf opinskátt um þann mismun sem er að verða á milli sveitarfélaga hér á Austurlandi þar sem minni sveitarfélög virðast mörg hver verr í stakk búin til að takast á við þessar skyldur og leita þarf sérstakra leiða til að hægt sé að mæta þessum þörfum en á sama tíma stuðla að því að einstaklingar geti til æviloka búið í sínu sveitarfélagi.

Húsnæðismál

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 skorar á stjórnvöld að undirbúa aðgerðir í húsnæðismálum sem henta landsbyggðunum betur en þær sem felast í núverandi húsnæðislöggjöf og nýtast eingöngu suðvesturhorni landsins. Aðgerðirnar þurfa að vera sveigjanlegar og til þess fallnar að greiða fyrir uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í þeim landshlutum sem búa við skekktar forsendur vegna byggingarkostnaðar, markaðsverðs og fjármögnunar.

Stjórnunarfyrirkomulag SSA og samstarf við Austurbrú

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 leggur til að skipuð verði millipinganefnd sem starfi milli aðalfunda til að móta tillögur um



1966-2016

stjórnunarfyrikomulag SSA og samstarf við Austurbrú. Á milli þessara funda mun verða ráðinn verkefnastjóri tímabundið fyrir SSA sem sinna mun starfsemi samtakanna í samráði við formann SSA sem jafnframt mun hér eftir sem hingað til verða málsvari SSA á vettvangi sveitarstjórnarmála. Þá felur aðalfundurinn stjórn SSA að ganga frá heildstæðum samningi við Austurbrú í stað þeirra tveggja sem greitt er eftir í dag, með starfslýsingum og skilgreiningum á verkefnum. Farið verði yfir samþykktir og þær samræmdar. Niðurstaða millipinganevndar verður lögð fyrir stjórn í mars og síðan fyrir aðalfund 2018 til afgreiðslu.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um tillögur allsherjar- og samstarfsnefndar.

Jens Garðar Helgason gerði breytingatillögu um að greinin um aðstöðu lögreglunnar á Seyðisfirði falli undir liðinn á undan um lögreglustjóraembættin.

Einnig lagði hann til að ákvæði um byggðatengingu skattkerfisins yrði felld út og lagði fram frávísunartillögu þar að lútandi.

Jón Björn Hákonarson rökstuddi tillöguna um byggðatengingu skattkerfisins meðal annars með því að rétt sé að nota skattkerfið til að leiðrétta vegna ýmissa gjalda eins og flutningskostnaðar. Hann lagði til að frávísunartillagan yrði felld.

Jens Garðar Helgason benti á að með tillögunni sé verið að opna fyrir slíkt eins og að íbúar sveitarfélaga geti farið fram á skattfríðindi ef þeir búa í jaðrinum.

Andrés Skúlason spurði hvort fyrirtæki eigi ekki að greiða skatt til samfélagsins óháð staðsetningu, t.d. Alcoa Fjarðaál.

Fundarstjóri bar frávísunartillöguna upp. Hún var felld með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Ragnar Sigurðsson benti á að fyrirtækið Alcoa Fjarðaál greiðir skatt bæði til sveitarfélagsins og ríkis og það viti bæði Andrés og aðrir.

Gunnlaugur Stefánsson sagði umræðuna um skattkerfið spennandi og taldi ástæðu fyrir sveitarstjórnarfólk að beina sjónum sínum að því. Alls kyns jöfnunartækjum væri beitt í gegnum skattkerfið til að jafna líf skjör í landinu. Honum fannst vanta í tillögurnar þann aðstöðumun sem Austfirðingar búa við varðandi uppbyggingu húsnæðis og opinberrar þjónustu. Hann setti fram nýja tillögu sem hljóðar svo: *Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 felur stjórn SSA að leggja fyrir aðalfund 2018 tillögu um heildstæða áætlun um flutning opinberra stofnana, þjónustu og starfa af höfuðborgarsvæðinu á Austurland.*

Jens Garðar Helgason vildi ítreka að ekki sé rétt að fara fram á lækku útsvars fyrir landsbyggðarfólk. Varðandi tillögu Gunnlaugs um flutning opinberra stofnana benti hann á að heppilegra sé að útvista verkefnum úr opinberum stofnunum og kom því með frávísunartillögu á tillöguna sem hljóðaði svo: Lagt er til að tillaga sr. Gunnlaugs verði vísað frá.

Frávísunartillaga Jens á tillögu Gunnlaugs var borin upp til atkvæða og samþykkt.

Anna Alexandersdóttir taldi breytta tillögu um samstarf SSA og Austurbrúar vera jákvæða.



Páll Björgvin Guðmundsson vildi benda á að efni tillögu Gunnlaugs væri jákvætt en þar vanti að fundarmenn séu jafnframt að skora á sig sjálfa. Austfirðingar eigi að koma með frumkvæði sjálfir. Frumkvæði varðandi geðheilbrigðisþjónustu ætti að koma héðan en ekki eingöngu að skora á stjórnvöld.

Jón Björn Hákonarson ræddi nýja tillögu varðandi SSA og Austurbrú og taldi hana góða niðurstöðu. Hann færði rök fyrir því að sérstök tillaga sé um lögregluna á Seyðisfirði. Þar er landamærastöð og ekki hefur verið staðið við það að setja lögreglustöð upp.

Andrés Skúlason ítrekaði að hann talaði um strúktúr Austurbrúar í gær en ekki verði hjá því komist að fólk blandist þar inn. Upphaflega tillagan fjallaði um strúktúr. Hann kvaðst að óbreyttu mundu segja af sér sem stjórnarmaður SSA vegna breyttrar tillögu um SSA og Austurbrúar.

Gauti Jóhannesson svaraði spurningu sem beint var til hans vegna frumkvæði varðandi geðheilbrigðisþjónustu. Hann vildi taka fram að tillagan um byggðatengingu skattkerfisins eigi að taka til þeirra sem skulda námslán og vísar til Noregs og byggðastefnu þar í landi.

Sigrún Blöndal bentir á að aðgengi geðheilbrigðisþjónustu sé títt umræðuefni stjórnar SSA og landlæknis og heilbrigðisráðherra. Hún taldi vera skilning þar á aðstæðum hér eystra. Mikilvægt væri að halda opinberum störfum á svæðinu. Hún benti á að lofað hafi verið að styrkja lögregluembættin og ekki staðið við það. Þess vegna sé sérstök tillaga varðandi lögregluna á Seyðisfirði. Einnig hefði verið rætt um að flytja verkefni til stofnana sem þegar eru á svæðunum og styrkja þær þannig innan frá. Að lokum benti hún á að styrkja þyrfti sveitarfélögin t.d. með sameiningunum. Þá þurfi engin landsamtök.

Jens Garðar Helgason sagðist myndu syrgja brotthvarf Andrésar úr stjórn SSA. Hann benti á að umræðan verði að eiga sér stað, og þingið sé rétti staðurinn. Ekki sé rétt að senda frá sér eitthvað sem fólk hefur ekki rætt. Hann taldi ekki happadrujúgt að vilja lægri skatta með þeim rökum að við fáum ekki sömu þjónustu. Hvernig halda menn að hægt sé að krefjast sömu þjónustu um allt land ef við viljum lægri skatta.

Jens Garðar Helgason lagði fram eftirfarandi tillögu: *Lagt er til að tillagan sem ber heitið „Húsnæðismál“ falli út.* (Þar sem ekki var um frávísunartillögu að ræða kvaðst fundarstjóri myndu líta á álit Jens Garðars sem hvatningu um að tillagan yrði felld við atkvæðagreiðslu).

Ólafur Áki Ragnarsson nefndi lög sem voru sett um úrbætur í húsnæðismálum og áttu að hvetja til bygginga. Þar var tekjuviðmið sem Austurland fer upp fyrir.

Páll Björgvin Guðmundsson sagðist sammála því sem gert er í dag varðandi geðheilbrigðismál og heilbrigðismál og að það sé mikilvægt.

Hann lagði fram tillögu að viðbót við liðinn um geðheilbrigðismál svohljóðandi: „Aðalfundurinn beinir því til stjórnar SSA að sett verði á laggirnar starfshópur sem komi með tillögur að því með hvaða hætti ríki og sveitarfélög geti eftt geðheilbrigðisþjónustu á Austurlandi“.

Arnbjörg Sveinsdóttir skoraði á Andrés Skúlason að halda áfram í stjórn SSA þar sem unnið hefur verið gott starf og menn verið málefnalegir. Hún hvatti hann eindregið til



1966-2016

að halda áfram. Hún benti á nauðsyn þess að lögregla sé á Seyðisfirði og að fjármunirnir séu til.

Gunnlaugur Stefánsson benti á að afgreiðsla frávísunartillögu hér breyti því ekki að byggðaþróun velti mikið á því hvernig ríkið hagar staðsetningu sinna stofnana. Aðalfundur SSA sem segir ekki orð um þetta geti vakið spurningar um það hvort skilað sé góðri vinnu. Það skipti miklu máli fyrir fámenn þéttbýli að fá opinbera stofnun.

Fundarstjóri bar fram tillögu Páls Björgvins að viðbót við liðinn geðheilbrigðismál. Hún var samþykkt samhljóða.

Jens Garðar Helgason lagði til eftirfarandi tillögu: lagt er til að liðurinn „aðstaða lögreglunnar á Seyðisfirði“ falli undir liðinn á undan. Fundarstjóri bar það upp. Það var samþykkt.

Tillagan var borin upp með breytingunni og samþykkt samhljóða. Tillögurnar voru bornar upp ein og ein í eftirfarandi röð.

Byggðatenging skattkerfisins var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

Velferðarþjónusta var samþykkt.

Húsnæðismál samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

Samstarf SSA og Austurbrúar samþykkt samhljóða.

Aðrar ónefndar tillögur hér að framan bornar upp í einu lagi og samþ. samhljóða.

Svohljóðandi tillaga frá Gunnlaugi Stefánssyni, þingskjal nr. 26, var borin upp: *Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 felur stjórn SSA að leggja fyrir aðalfund SSA 2018 áætlun um hvernig opinberri þjónustu verði best fyrir komið í ljósi staðsetningar og þarfa, auk áhrifa á búsetu og byggðaþróun.* Tillagan var samþykkt.

12.4 Tillögur til mennta- og menningarmálanefndar

Björn Ingimarsson kynnti tillögur mennta- og menningarmálanefndar, þingskjal 23.

Fulltrúar í mennta- og menningarmálanefnd voru Björn Ingimarsson, Jón Þórðarson, Dýrunn Pála Skaftadóttir, Hjördís Helga Seljan Þóroddsdóttir, Esther Kjartansdóttir, Svanhvít Yngvadóttir og Jón Kristinn Arngrímsson.

Áheyrnarfulltrúar voru Signý Ormarsdóttir, Guðrún Áslaug Jónsdóttir, Líneik Anna Sævarsdóttir og Ásta Hlín Magnúsdóttir.

Menningarmiðstöðvar

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 ítrekar mikilvægi þess að tryggja að fjármagni verði veitt til menningarmiðstöðva á Austurlandi, lykilstofnana í austfirsku menningarlífi. Óviðunandi er að fjársveltí standi starfi þeirra og framþróun fyrir þrifum og að stöðug óvissa ríki um rekstrarforsendur. Jafnframt er lögð áhersla á að samstarf við þjóðmenningarstofnanir verði þróað áfram og eftl.



1966-2016

Varðveisla menningarminja

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 hvetur ríki og sveitarfélög til þess að huga betur að menningarverðmætum í héraði og tryggja sem best að mikilvægum menningarminjum verði ekki raskað. Menningartengd ferðaþjónusta er mjög vaxandi í landshlutanum, fornleifaskráning og varðveisla menningarminja eru mjög þýðingarmiklir þættir í uppbyggingu þessarar vaxandi atvinnugreinar sem og því að tryggja að sögulegar heimildir glattist ekki. Mörg tækifæri felast í nýjum lögum um verndarsvæði í byggð, brýnt er að tryggt verði nægt fjármagn til þessa málaflokks.

Starfsemi RÚV á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 skorar á RÚV ehf. að tryggja öfluga fréttamiðlun frá Austurlandi. Þrátt fyrir yfirlýsingar um eflingu þjónustu á Austurlandi, hefur raunin orðið önnur. Styrkja þarf öfluga fréttabjónustu og dagskrárgerð í landshlutanum og bæta við fullu stöðugildi starfsmanns. Með því að verða við þessu bætir RÚV að hluta til fyrir þann skaða er lokun svæðisútvarps á sínum tíma olli en kemur þó ekki í þess stað. Því er lögð á það áhersla að samhliða þessu verði unnið að því að koma á svæðisfréttum hvort heldur í útvarpi eða sjónvarpi sem fyrst.

Menntun á framhaldsskólastigi

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 lýsir áhyggjum af stöðu framhaldsskóla á Austurlandi. Fundurinn leggur áherslu á að skólarnir fái tækifæri til að þróa sína starfsemi til að mæta þeim áskorunum sem fylgja styttingu framhaldsskólans s.s. með þróun Fjarmenntaskólans og samstarfi við framhaldsfræðsluna. Mikilvægt er að á Austurlandi bjóðist fjölbreytt nám sem stenst samanburð við það besta sem gerist og stofnunum fjórðungsins verði gert kleift að vinna saman að mótun þjónustu í samræmi við menntunarfærir íbúa á Austurlandi. Þá er ekki síður mikilvægt að á Austurlandi sé boðið upp á nám sem tengist þeim fjölbreyttu möguleikum sem svæðið býður upp á. Sérstaklega er brýnt að sem fyrst verði lokið við endurskoðun námskrár verknáms og að til hliðsjónar verði haft þjóðhagslegt mikilvægi þess.

Háskólamenntun og rannsóknir

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 ítrekar fyrri ályktanir um að verulega hallar á Austurland í háskóla- og rannsóknastarfsemi á vegum ríkisins. Þetta er algjörlega óviðunandi og fundurinn krefst þess að aðstaða Austurlands verði sambærileg við það sem gerist í öðrum landshlutum. Fjarlægðir milli byggðakjarna og erfiðar samgöngur kalla á dreifða þjónustu. Hlutfall háskólamenntaðra á Austurlandi er töluvert undir landsmeðaltali. Það er því ekkert sem rökstyður að Austurland þurfi minna fé til þessara mála en aðrir landshlutar heldur þvert á móti (samanber upplýsingar í skýrslu Þórodds Bjarnasonar og Jóns Þorvalds Heiðarssonar, Stjórnsmál & stjórnsýsla 1. tbl. 9. árg. 2013). Skorað er á stjórnvöld að auka hlut Austurlands í háskóla- og rannsóknastarfsemi á vegum hins



opinbera t.d. með því að fjölga opinberum rannsóknatengdum störfum á svæðinu m.a. með samstarfi við Austurbrú og háskólana.

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 hvetur einnig til þess að unnið verði áfram að uppbyggingu háskóla­seturs fyrir Austurland í samstarfi sveitarfélaga og atvinnulífs á svæðinu, stjórnvalda og háskólasamfélagsins.

Fjarnám á háskólastigi

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 skorar á ríkisvaldið að sjá til þess að fyrsta gráða á háskólastigi sé skilgreind sem grunnþjónusta. Einnig er skorað á háskólastigið að móta sér skýrari stefnu varðandi fjarnám og fjölga þeim námsleiðum sem í boði eru s.s. í grunnnámi og endurmenntun á háskólastigi. Skipulagi þess verði þannig háttað að það sé raunhæfur kostur fyrir nemendur. Nemendur nýta sér í síauknum mæli möguleika til að stunda fjarnám í heimabyggð og fundurinn skorar því á ríkisvaldið að veita auknum fjármunum til Austurbrúar til að tryggja aðstöðu og stuðning við þessa nemendur til að auðvelda þeim að sækja nám hér á landi og erlendis.

Framhaldsfræðsla

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 skorar á stjórnvöld að auka möguleika fólks á vinnumarkaði til að sækja sér endurmenntun heima í héraði. Nauðsynlegt er að grunnfjárveiting til framhaldsfræðslunnar hjá Austurbrú tryggi að til staðar sé dreifð þjónusta og nám í samræmi við þarfir íbúa um allt Austurland. Þá er áriðandi að reglur um fjárveitingar til íslenskukennslu fyrir innflytjendur taki mið af landfræðilegum aðstæðum og ólíkum þörfum byggðarlaga. Vakin er athygli á þeirri staðreynd að reglur um lágmarkspáttökufjölda í námshópum er hamlandi fyrir þessa starfsemi á Austurlandi og veldur því að ekki er hægt að sinna henni sem skyldi.

Lýðháskóli

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 skorar á mennta- og menningarmálaráðherra að flýta vinnu við gerð frumvarps til almennrar löggjafar um lýðháskóla á Íslandi í samræmi við samþykktu þingsályktun Alþingis frá 2. júní 2016. Markmið löggjafarinnar verði eins og segir í tillögunni að gera lýðháskóla að viðurkenndum valkosti í menntun sem njóti lagalegrar umgjarðar og stuðnings hins opinbera. Á Seyðisfirði starfar lýðháskóli á listasviði, LungA skólinn, sem hóf starfsemi árið 2014 og er eini starfandi lýðháskóli landsins. Nauðsynlegt er að tryggja lagalega og fjárhagslega umgjörð starfseminnar og er skólinn tilbúinn að leggja sitt af mörkum svo að það megi verða í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 fagnar því að Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað hefur fengið tækifæri til



áframhaldandi þróunar náms í skólanum og til að laga það að námskrá framhaldsskóla. Námið er hagnýtt og nýtist sem undirstaða fyrir fjölbreytt nám í matvælagreinum, þjónustu og sköpun. Skorað er á mennta- og menningarmálaráðuneytið að taka regluverk gagnvart minni sérhæfðum skólaeiningum til endurskoðunar.

Stoðþjónusta leik- og grunnskóla

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 leggur áherslu á mikilvægi þess að stoðþjónusta leik- og grunnskóla á svæðinu verði eflað og beinir því til stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands að taka málið til skoðunar í samráði við fulltrúa fræðslu- og félagsþjónustusviða sveitarfélaganna með það að markmiði að leitað verði leiða til að auka þau úrræði sem skólastofnunum, nemendum og forráðamönnum standa til boða.

Verk- og starfsnám á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 lýsir yfir vilja til að leita eftir samstarfi við Samtök atvinnulífsins og mennta- og menningarmálaráðuneytið, um að Austurland verði tilraunaverkefni í uppbyggingu í verk- og starfsnámi. Samstarfi verði komið á í gengum Austurbrú, Verkmenntaskóla Austurlands, Menntaskólann á Egilsstöðum og Handverks- og hússtjórnarskólann á Hallormsstað. Tilgangur verkefnisins er að standa vörð um að auka fagmenntun í verk- og starfsnámi, sem og að koma á auknu framboði á lögbundnum styttri námsbrautum í starfsnámi. Nám sem hægt er að aðlaga að einstaklingnum sjálfum í tengslum við atvinnulíf og innviði Austurlands.

Fundarstjóri opnaði umræður um tillögurnar.

Jens Garðar Helgason nefndi starfsemi RÚV á Austurlandi og kom með tillögu um að stytta þann lið. Hann lagði fram breytingatillögu varðandi liðinn um að efnið frá og með orðinu *styrkja* ... falli út.

Elfa Hlín Pétursdóttir sagði óljóst til hvers síðustu orðunum í liðnum um menningarmiðstöðvar væri beint.

Björn Ingimarsson sagði þessu bæði beint til menningarmiðstöðva og þjóðmenningarstofnana. Takmarkað samstarf hafi verið þar.

Fundarstjóri lagði tillögurnar fram til atkvæðagreiðslu og voru þær tvær fyrstu samþykktar samhljóða.

Næst bar hann upp tillögum um RÚV á Austurlandi með styttra orðalagi, þ.e. breytingartillögu Jens Garðars. Hún var felld. Tillagan er því næst borin upp eins og hún kom fram í upphafi og samþykkt.

Annað í álitni nefndarinnar borið upp í heild og samþykkt samhljóða.



1966-2016

12.5 Tillögur umhverfis- og samgöngunefndar

Einar Már Sigurðarson kynnti tillögur umhverfis- og samgöngunefndar, þingskjal 24.

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 vekur athygli á að á síðustu árum hafa nýframkvæmdir og viðhald vega á Austurlandi verið í algjöru lágmarki. Tugir milljarða hafa farið í nýframkvæmdir á þessum árum og lítið af þeim fjármunum hefur ratað til Austurlands. Það er ólíðandi.

Fundurinn skorar á Alþingi að stórauka fé til framkvæmda í samgöngum, þannig að stefnt verði að því að hlutfall fjárveitinga til málaflokksins verði að lágmarki 2% af vergri landsframleiðslu. Enginn einn málaflokkur er jafn þýðingarmikill fyrir landshlutann, hvort heldur er með tilliti til byggðapróunar, öryggis- og atvinnumála, þ.m.t. ferðapjónustu, heilbrigðisþjónustu eða samkeppnistöðu. Nauðsynlegt er að fjármögnun gildandi samgönguáætlunar sé tryggð þannig að landsmenn geti treyst því að eftir henni verði farið. Fundurinn skorar á stjórnvöld að við gerð næstu samgönguáætlunar verði gert stóráttak í samgöngumálum.

Jarðgangnagerð

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 ítrekar mikilvægi þess að tengja byggðir á Austurlandi með samgöngum til þess að rjúfa vetrareinangrun og efla framtíðarmöguleika svæðisins sem eins atvinnu- og þjónustusvæðis. Tryggja verður, á fjárlögum næsta árs, fjármagn til jarðgangna undir Fjarðarheiði á milli Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðar, sem er forgangsverkefni í jarðgangnagerð á Austurlandi, enda aðstæður íbúa á Seyðisfirði slíkar á veturnum að ekki verður við það unað lengur. Þá þarf að ráðast í rannsóknir á öðrum gangnakostum, á milli Norðfjarðar og Seyðisfjarðar um Mjóafjörð.

Lögð er áhersla á að við gerð og uppsetningu samgönguáætlunar og gerð fjárlaga verði jarðgangnagerð og rannsóknir vegna þeirra fjármagnaðar með sérstökum hætti þannig að aðrar mikilvægar framkvæmdir í samgöngumálum landshlutans dragist ekki sökum fjárskorts.

Næstu verkefni í jarðgangnagerð á Austurlandi eru göng til að tengja annars vegar Borgarfjörð og hins vegar Vopnafjörð við miðsvæðið.

Þjónusta, nýframkvæmdir, umferðaröryggi og viðhald

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 telur það skipta höfuðmáli að vetrarþjónusta á öllum vegum landshlutans sé viðunandi og geri fólki kleift að sinna atvinnu, menntun og öðrum erindum innan svæðis án vandkvæða og með sem minnstri fyrirhöfn. Þá verður að tryggja sem best aðgengi, og þar með öryggi allra íbúa á svæðinu, að umdæmissjúkrahúsi og Egilsstaðaflugvelli.

Þá er ekki síður mikilvægt að staðið verði við þær nýframkvæmdir í landshlutanum sem undirbúnar hafa verið síðustu ár og áratugi og komnar voru á samgönguáætlun. Má þar nefna uppbyggingu heilsársvegar yfir Öxi, sem er forgangsverkefni, lagningu slitlags og endurbyggingu vega. Sérstaklega mikilvægt er að hraða lagningu bundins slitlags til Borgarfjarðar eystri. Á Austurlandi eru margir vegkaflar sem eru stórhættulegir, má þar nefna vegi um Suðurfirði og Hamarsfjörð, sem og í Breiðdal.



Fagna ber framkvæmdum við lagningu nýs vegar fyrir botni Berufjarðar og nauðsynlegt er að staðið verði við áætlun um útboð vegabóta í botni Skriðdals 2018. Í ljósi aukins umferðarþunga m.a. vegna ferðamanna, er óboðlegt að ekki sé gætt sérstaklega að umferðaröryggi, hvort heldur er við nýframkvæmdir eða viðhald samgöngumannvirkja. Malarvegir á borð við Upphéraðsveg um Fell, efri Jökuldal, Jökulsárhlið og um Hellisheiði sem og Hlíðarveg eru óboðlegir. Tryggja verður öryggi á vegaköflum inn og út úr landshlutanum, t.a.m. á milli Vopnafjarðar og Þórshafnar og Djúpavogs og Hornafjarðar.

Mikilvægt er að við gerð nýrrar samgönguáætlunar verði gerð áætlun um umferðaröryggi eftir ákveðnum viðmiðum líkt og gert er víða erlendis.

Setja verður byggingu nýrrar brúar yfir Lagarfljót við Egilsstaði í forgang framkvæmda við brúargerð á landinu og ráðast í átak til að fækka einbreiðum brúm í landshlutanum.

Almenningssamgöngur

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu almenningssamgangna á Austurlandi. Ný lög um farþega- og farmflutninga eiga að tryggja lagalegt umboð til aksturs en óvíst er að þau tryggi möguleika landshlutasamtaka til reksturs almenningssamgangna.

Brýnt er að ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnarmála axli ábyrgð á kostnaði vegna málaferla sem SSA stendur í vegna forsendubrests samnings og ógnar fjárhagslegum grundvelli Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.

Austurland ljósleiðaravætt

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 ítrekar það sanngirnismál að allir íbúar landsins, hvort sem þeir búa í þéttbýli eða dreifbýli, eigi kost á ljósleiðaratengingu sem stenst nútímakröfur. Fjármunir til framkvæmda eru ekki í samræmi við þær áherslur, væntingar og markmið sem samþykkt hefur verið. Tryggja verður nauðsynlegt fjármagn til framkvæmdanna og horfa til byggðasjónarmiða við forgangsröðun þeirra. Þeirri leið að etja sveitarfélögum saman við úthlutun fjármuna er mótmælt. Það er hlutverk ríkisins að halda uppi grunnþjónustu í fjarskiptum. Stefnt skal að því að sveitarfélög á Austurlandi sameinist um gerð ljósleiðaraáætlunar fyrir landshlutann í tengslum við gerð svæðisskipulags.

Egilsstaðaflugvöllur – önnur fluggátt inn í landið

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 fagnar stofnun flugþróunarsjóðs til stuðnings flugrekstraraðilum sem hyggja á flug til áfangastaða utan stór-Reykjavíkursvæðis, mikilvægt er að áfram verði tryggt fjármagn til sjóðsins. Hið opinbera verður að sýna í verki vilja sinn til að opnaðar verði aðrar fluggáttir inn í landið með öflugum stuðningi. Sumarið 2016 var haldið uppi millilandaflugi á milli London og Egilsstaða og reynslan sýnir að Egilsstaðaflugvöllur stendur fyllilega undir slíkri starfsemi.



1966-2016

Aukin flugumferð til og frá Íslandi krefst þess að ríkisvaldið tryggi nægjanlegt fjármagn til uppbyggingar þannig að völlum standist kröfur um aukið þjónustustig, öryggi vegna hugsanlegra náttúruhamfara og hlutverk vallarins sem varaflugvallar. Sérstaklega þarf að horfa til framkvæmda við flughlöð og aðstöðu fyrir útgerð þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar. Jafna verður aðstöðu flugrekstraraðila til kaupa á eldsneyti, hvar sem er á landinu. Áfram verði unnið af fullum þunga að markaðssetningu Egilsstaðaflugvallar af hálfu hagsmunaaðila, s.s. fyrirtækja í ferðaþjónustu, Isavia, ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi.

Innanlandsflug

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 vekur athygli á mikilvægi innanlandsflugs fyrir landshlutann. Skilgreina verður innanlandsflug sem almenningssamgöngur þannig að flugfargjöld verði á viðráðanlegu verði og lækkuð um helming, svo íbúar landshlutanna geti nýtt sér þjónustuna. Verðlagning innanlandsflugs rýrir búsetukosti Austurlands. Horfa á til hinnar svokölluðu skosku leiðar við niðurgreiðslu hins opinbera á flugfargjöldum, mikilvægt er að ráðherraskipaður starfshópur um rekstur flugvalla innanlands skili álit sem fyrst. Áfram er lögð áhersla á áætlunarflug til Vopnafjarðar með tengiflugi við Akureyri og mikilvægt er að veita áfram nægjanlegu fjármagni til viðhaldsframkvæmda á Vopnafjarðarflugvelli.

Leita verður lausna til framtíðar um staðsetningu Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýrinni sem taki mið af þeirri staðreynd að stór hluti landsmanna þarf að sækja nauðsynlega þjónustu til höfuðborgarinnar með flugsamgöngum, m.a. heilbrigðisþjónustu. Hefja verður framkvæmdir við uppbyggingu samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkurflugvöll til að tryggja samþættingu allra samgangna innanlands.

Hafnir

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 leggur áherslu á að haldið verði áfram að styrkja hafnarframkvæmdir í samræmi við 24. gr. hafnarlaga og tryggðar verði auknar fjárveitingar til Hafnabótasjóðs. Sérstök áhersla verði lögð á að treysta hlutverk ferjuhafnarinnar á Seyðisfirði sem landamæragáttar að áfangastaðnum Austurlandi.

Umhverfismál

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 ítrekar nauðsyn þess að aðildarsveitarfélögin hugi að sameiginlegum áherslum í umhverfismálum m.a. hvað varðar svæðisáætlun um meðferð úrgangs og friðlýsingu svæða sem til þess eru fallin. Brýnt er að ríkisvaldið leggi til mun meiri fjármuni til uppbyggingar á friðlýstum svæðum, þannig að sveitarfélög sjái sér í ríkari mæli hag í því að taka að sér umsjá og rekstur slíkra svæða. Samhliða friðlýsingu er mikilvægt að vinna verndar- og stjórnunaráætlanir fyrir slík svæði svo þau séu í stakk búin til að taka við auknum ferðamannastraumi og ágangi.



1966-2016

Brýnt er að endurskoðun reglugerðar um fráveitur og skólp ljúki sem allra fyrst. Teknar verði upp viðræður við ríkið á vettvangi Sambands sveitarfélaga um leiðir til að ljúka frágangi á fráveitum með fullnægjandi hætti, svo sem með því að fella niður virðisaukaskatt af fráveituframkvæmdum sveitarfélaga.

Fundurinn telur mikilvægt vegna aukinnar umferðar flutninga- og skemmtiferðaskipa í hafnir landsins að stjórnvöld flýti vinnu sem miðar að því að tryggja bestu mögulegu loftgæði í íslenskum höfnum og lögsögu.

Ofanflóðavarnir

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 ítrekar mikilvægi þess að ríkisvaldið heimili fjármögnun framkvæmda sem tengjast ofanflóðavörnum í samræmi við áætlanir Ofanflóðasjóðs og sveitarfélaga enda er fjármagn fyrir hendi í Ofanflóðasjóði. Sérstaklega er mikilvægt að haldið verði áfram með þá áfanga sem þegar eru á áætlun.

Skipulag haf- og strandsvæða

Aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 leggur áherslu á að tryggja sveitarfélögum skipulagsvaldið fyrir strandsvæði.

Fundurinn gerir alvarlegar athugasemdir við frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða sem lagt var fram á vorþingi 2017. Þar er ekki skilið á milli skipulags hafsvæða annars vegar, sem vera eiga á hendi ríkisins og skipulags strandsvæða hins vegar, sem vera eiga á hendi sveitarfélaga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherraskipuðum svæðisráðum verði falin ábyrgð á skipulagsgerð strandsvæða, í stað sveitarfélaganna sjálfra. Óásættanlegt er að einn af ráðherraskipuðum fulltrúum eigi að hafa neitunarvald en sveitarfélögin ekki, þrátt fyrir að hagsmunir þeirra séu hvað mestir þegar kemur að skipulagsáætlunum strandsvæða. Síðast en ekki síst ganga tillögurnar gegn þeirri meginreglu að efla skuli staðbundið vald og ákvarðanatöku með tilliti til almannahagsmuna og skynsamrar meðferðar opinberra fjármuna, þrátt fyrir þá staðreynd að skipulagsmál eru á meðal mikilvægustu kjarnaverkefna sveitarfélaga.

Stjórn vatnamála

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 skorar á ríkisvaldið að tryggja með öflugum fjárframlögum að unnt verði að halda áfram vinnu við innleiðingu laga um stjórn vatnamála og eftirfylgni alþjóðasamninga með hagsmuni náttúrunnar og atvinnulífs að leiðarljósi.

Refa- og minkaveiðar

Aðalfundur SSA haldinn á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 skorar á ríkisvaldið að leggja aukið fjármagn til sveitarfélaga vegna nauðsynlegra refa- og minkaveiða. Kostnaður vegna veiðanna leggst mjög misþungt á sveitarfélög og oft fellur mikill kostnaður á fámenn en landstór sveitarfélög. Mikilvægt er að samræma greiðslur til veiðimanna innan landshlutans. Fundurinn telur að endurgreiðslur á virðisaukaskatti



1966-2016

til sveitarfélaganna vegna veiðanna verði að koma til framkvæmda eigi síðar en um komandi áramót.

Fundarstjóri gaf orðið laust til umræðu um álit nefndarinnar. Enginn tók til máls. Fundarstjóri bar allar tillögurnar upp í heild og þær voru samþykktar samhljóða.

13. Kjörnefnd.

Arnbjörg Sveinsdóttir fór yfir tillögur kjörnefndar, þingskjal 25.

Stjórn SSA 7 aðalmenn og 7 til vara:

Aðalmenn:

Norðursvæði:

Sigrún Blöndal, Fljótsdalshéraði
Margrét Guðjónsdóttir, Seyðisfirði
Stefán Grímur Rafnsson, Vopnafjarðarhr.

Suðursvæði:

Hákon Hansson, Breiðdalshreppi
Andrés Skúlason, Djúpavogshreppi
Jens Garðar Helgason, Fjarðabyggð
Eydís Ásbjörnsdóttir, Fjarðabyggð
(flakkari)

Varamenn:

Gunnar Jónsson, Fljótsdalshéraði
Jakob Sigurðsson, Borgarfjarðarhreppi
Eyjólfur Sigurðsson, Vopnafjarðarhreppi

Svandís Ingólfssdóttir, Breiðdalshreppi
Sóley Dögg Birgisdóttir, Djúpavogshreppi
Einar Már Sigurðarson, Fjarðabyggð
Pálína Margeirsdóttir, Fjarðabyggð

Skoðunarmenn reikninga 2 aðalmenn og 2 til vara

Aðalmenn:

Pórunn Hálfðanardóttir
Gunnlaugur Guðjónsson

Til vara:

Ólafía Stefánsdóttir
Ómar Bogason

Endurskoðunarfyrtæki

KPMG

Tillaga vegna kosningar aðalmanna í stjórn Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands:

Lagt er til í ljósi samþykktar sveitarfélaganna á starfssvæði SSA, sem eru eigendur sjóðsins, frá því í desember 2014 þar sem ákveðið var að tvöfalt árgjald sveitarfélaganna árin 2016, 2017 og 2018, rynni óskipt til annars vegar markaðssetningar Egilsstaðaflugvallar og hins vegar til fjárhagslegrar endurskipulagningar Austurbrúar, að stjórn SSA sé falin stjórn sjóðsins. Þá um leið eru stjórnarmenn í sjóðnum leystir frá störfum sínum fyrir hann. Kosið verður aftur í stjórn sjóðsins á aðalfundi SSA 2018 ef aðrar ákvarðanir hafa ekki verið teknar um framtíð hans á þeim vettvangi.



1966-2016

Samgöngunefnd SSA

Borgarfjörður eystri:	Jakob Sigurðsson
Til vara:	Helgi Hlynur Ásgrímsson
Breiðdalshreppur:	Gunnlaugur Stefánsson
Til vara:	Arnaldur Sigurðsson
Djúpivogur:	Þorbjörg Sandholt
Til vara:	Kári Valtingoer
Fjarðabyggð:	Einar Már Sigurðarson
Til vara:	Pálína Margeirsdóttir
Fljótsdalshérað:	Anna Alexandersdóttir
Til vara:	Gunnar Jónsson
Fljótsdalshreppur:	Lárus Heiðarsson
Til vara:	Gunnþórunn Ingólfisdóttir
Seyðisfjörður:	Vilhjálmur Jónsson
Til vara:	Elfa Hlín Pétursdóttir
Vopnafjörður:	Eyjólfur Sigurðsson
Til vara:	Sigríður Elva Konráðsdóttir

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillögurnar.

Andrés Skúlason þakkaði stuðninginn sem hann hefur fundið fyrir um að gefa kost á sér í áframhaldandi stjórnarsetu og bað um svigrúm til að ræða stuttlega við stjórn.

Gunnar Jónsson Fljótsdalshéraði tilkynnti að hann léti nú af störfum í stjórn SSA. Því vildi hann þakka fyrir ánægjulegt og ágætt samstarf.

Jón Björn Hákonarson þakkaði gott og skemmtilegt samstarf en hann hættir nú einnig í stjórninni.

Jens Garðar Helgason bað Andrés Skúlason afsökunar ef hann hefði sært hann með einhverjum hætti þegar hann átti skoðanaskipti við hann og skoraði á Andrés að halda áfram setu í stjórn.

Björn Ingimarsson þakkaði gestgjöfum góðar móttökur og bauð Fljótsdalshérað sem næsta fundarstað aðalfundar að ári.

Sigrún Blöndal þakkaði starfsfólki fundarins fyrir vinnuframlag þess. Fundarmenn klöppuðu fyrir þeim og Breiðdalshreppi fyrir frábærar móttökur. Taldi Sigrún heimamenn eiga þakkir skildar ásamt starfsfólki Austurbrúar. Sigrún þakkaði góðar og hreinskiptar umræður sem væru nauðsynlegar. Hún sagði þroskamerki að geta skipt um skoðun og því væru slíkar umræður nauðsynlegar. Sagði hún alla viðstadda þurfa að vera manneskjur til að ganga út af fundinum með niðurstöðu sem yrði svo unnið eftir. Hún sagði tillögu um nýkjörna stjórn verða eins og hún var kynnt af kjörnefnd og hún tæki væntanlega til starfa strax eftir þennan fund. Hún sagðist myndu sakna þess að hafa ekki Jón Björn Hákonarson og Gunnar Jónsson lengur í stjórn og bauð Jens Garðar Helgason og Eydísi Ásbjörnsdóttur velkomin í stjórn.

Í lokin þakkaði hún starfsfólki Bláfells kærlega fyrir veitta þjónustu, fráfarandi stjórn fyrir samstarfið og Birni Ingimarssyni og Fljótsdalshéraði fyrir boðið á næsta ári.



1966-2016

Að endingu fól hún fundarstjórum að slíta fundinum þegar síðustu tillögur hefðu verið bornar upp.

Fundarstjóri bar upp tillögur kjörnefndar, fyrst tillaga um stjórn og varastjórn og svo aðrar tillögur. Þær voru allar samþykktar með lófataki.

Fundarstjóri sagði síðan aðalfundi SSA 2017 slitið kl 12:15.

Jóney Jónsdóttir og Stefán S. Bragason, fundarritarar
Sif Hauksdóttir og Björn Hafþór Guðmundsson, fundarstjórar



1966-2016